



2, 2.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
KITSTJÓRI.

Jan. 1907.

*N Y T T Å R,*

Gamla árið er búið að kveðja. Það er farið og kemur aldrei aftur.

Hvernig kvaddi það? Tókuð þið eftir því?

Það kallaði ekki hátt til okkar, þegar það kvaddi. En það leit til okkar um leið og það fór út. Og ef við höfum tekið efir augnaráði þess há, gleynum við því ekki undir eins. Annaðhvort hefur sorg talað út úr augnaráðinu eða blíðu-bros. Sorg, ef við vorum vond við gamla árið. Blíðu-bros, ef við vorum góð við það.

Hvernig vorum við há við það? — — —

En svo er nýárið komið — nýbúið að heilsa upp á okkur.

Það er nýr gestur. Við höfum aldrei séð hann fyrr. Og þegar við virðum nýja gestinn fyrir okkur, þá kemur okkur til hugar: Hvernig gestur skyldi hann þá verða? Hvernig skyldi hann verða við *okkur*?

En er til nokkurs að spyrja nokkurn að því? Þekkir nokkur hann?

Enginn hefur séð hann til þess að kynnast honum nokkuð. Hann er öllum jafn-ókunnugur.

Það er einkennilegur gestur—þetta. Það líka er ein-kennilegt við hann, að hann kemur inn til okkar án þess að við bjóðum honum það, og tekur sér sæti og sest að hjá okkur án þess við bjóðum honum það.